



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Rauðhóll

2026– 2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





## Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	6
2.1	Innra mat.....	6
2.2	Ytra mat.....	10
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	11
4.	Starfspróunarsamtöl.....	17
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans .....	17
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
7.	Foreldrasamstarf .....	19
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	19
9.	Próunarverkefni.....	20
10.	Fylgiskjöl: .....	21
10.1	<b>Innra mat Lita 2025-2026 .....</b>	<b>21</b>
10.2	Innra mat Ævintýra .....	23
10.3	<b>Umbótaáætlun deilda 2026-2027 .....</b>	<b>26</b>
10.4	<b>Umsögn foreldraráðs.....</b>	<b>28</b>





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Í vetur lauk okkar þriðja og síðasta ári í þróunarverkefninu Stillu. Verkefninu lauk með Hæglætis ráðstefnu sem haldin var þann 7. maí í Háskólabíói. Ráðstefnan gekk mjög vel og var vel sótt og komust færri að en vildu. Okkar skóli ásamt hinum þátttökuskólunum voru með erindi um afrakstur verkefnisins í okkar skólum. Alison Clark sem hefur talað fyrir hæglæti í leikskólastarfi leiddi okkur í þessu verkefni og erum við nú þátttakendur og henni til aðstoðar í nýju verkefni með leikskólum í Skotlandi.

Í starfsmannasamtölum var áberandi hvað margir hafa áhuga á að vera úti með börnum. Margir vilja auka enn meira útiveru, útinám og vettvangsferðir. Við fengum styrk úr Sprotasjóði sem nýttur verður til að efla útinám enn frekar hjá okkur næsta vetur. Unnið er að skipulagi námsferðar erlendis á vordögum 2027 og þar munum við sækja í meiri þekkingu á útinámi og hæglæti.

Starfsfólk er gríðarlega þakklátt fyrir að hafa fengið að starfa með Guðrúnu Sólveigu sem hætti störfum sem leikskólastjóri Rauðhóls eftir 19 ár sem framúrskarandi leiðtogi og stjórnandi. Starfsfólk er rólegt eftir stjórnenda breytingarnar og langar að halda áfram að þróa gott og faglegt starf í Rauðhól með nýju stjórnendateymi. Með breytingu á stjórnunarteymi skólans þá óskar starfsfólk þess að við höldum í gleðina okkar og minnum okkur á að allir sem starfa í Rauðhól eru hluti af árangri hans. Það er áskorun fyrir hópinn að halda okkur ofarlega í starfsmannakönnunum þegar nýtt stjórnendateymi mun stýra næsta skólaári. Það krefst aðkomu allra sem starfa að halda í gleði, góða samvinnu og fagmennsku.

Við erum lánsöm að starfsfólkið okkar skráir sig iðulega í nám í leikskólafræðum. Í vor eru að útskrifast tveir starfsmenn hjá okkur ein með B.ed gráðu og einn með M.ed. gráðu í leikskólafræðum. Í haust verða amk fjórir í námi í leikskólafræðum frá Rauðhól. Við hvetjum alla sem áhuga hafa til náms til að efla faglegt starf skólans.

Foreldrasamstarf hefur verið mjög gott þennan veturinn og foreldrafélagið er áhugasamt og virkt. Þau hafa tekið að sér ýmis verkefni og komið með hugmyndir að skemmtunum og öðru til að gera dagamun fyrir börnin.

Samvinna með Norðlingaskóla var meiri þennan veturinn og við höfum lagt áherslu á að vera í meira samstarfi með þeim. Til dæmis kom 9. bekkur og hélt upp á Regnbogadaginn með okkur og leiddu börnin í skrúðgöngu um hverfið okkar og áttum við góða stund saman í garðinum á Litunum að göngu lokinni.





Tilhlökkun er í hópnum fyrir verkefnum næsta vetrar og hópurinn er bjartsýnn og glaður. Það eru forréttindi að fá að taka við svona öflugum leikskólastarfi eins og er í Rauðhól sem einkennist af þekkingu, kærleika, framsýni og metnaði.

Dagbjört Svava Jónsdóttir leikskólastjóri





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### 2.1 Innra mat

1.1 Stjórnun	Að stjórnendur séu til staðar í daglegu starfi
Hvernig fór matið fram?	Samráð leikskólastjórnenda, deildastjórafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur, starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Stjórnendur reyndu sitt besta að vera í sitthvoru húsinu en það tókst ekki alltaf. Í apríl 2026 var ákveðið að aðstoðarleikskólastjórar skiptu með sér viku í senn í hvoru húsi og leikskólastjóri er þar sem þörfin er meiri

1.2 Stjórnun	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur
Hvernig fór matið fram?	Í samtali milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Persónuupplýsingar eru að hluta til varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum. Skipulag í Hlöðunni er ekki tilbúið. Halda þarf áfram þessari vinnu

1.5 Stjórnun	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjóra- og námskrárfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Endurskoðuð skólanámskrá Rauðhóls er enn í vinnslu og fyrirhugaðir vinnufundir í maí og júní 2026

3. Mannauður	3.2 Fagmennska starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Deildafundir, fundir með sérkennslustjórum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildastjórar, starfsfólk, sérkennslustjórar





<b>Helstu niðurstöður mats</b> <b>(styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Starfsfólk þekkir þarfir barnanna á deildinni sinni og er nokkuð meðvitað um hvernig á að mæta þeim. Umræður eru um frekari útfærslu á mati sem tekið verður fyrir næsta vetur
---	---

4.Leikskólabragur	4.4 Viðhorf foreldra
Hvernig fór matið fram?	Samtal við foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? <b>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Starfsfólk, deildarstjórar, sérkennslustjórar
<b>Helstu niðurstöður mats</b> <b>(styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Námskeiðið Streita tengd foreldrahlutverkinu sem haldið var í október var vel sótt. Var almenn ánægja með námskeiðið hjá foreldrum samkvæmt samtölum við foreldra og tölvupóstum til stjórnenda

5.Innra mat	5.1 Skipulag og viðfangsefni
Hvernig fór matið fram?	Fundir hjá stjórnendum
Hverjir tóku þátt í matinu? <b>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Magnea Arnar, stjórnendur
<b>Helstu niðurstöður mats</b> <b>(styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Aðgerðaáætlun vegna regnbogaáætlunar tilbúin. Verkþættir hafa verið framkvæmdir að öllu leyti eða hluta til ásamt því að vera orðnir hluti af faglegu starfi, t.d. regnbogahátíð Rauðhóls

Fjöltyngi	
Hvernig fór matið fram?	Matið var gert með samtölum við sérkennslustjóra, deildastjóra, stjórnendur og með skráningu.
Hverjir tóku þátt í matinu? <b>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Matið var unnið í samráði við sérkennslustjóra, deildastjóra og foreldra í Rauðhól. Einnig var haft samráð við verkefnastjóra fjölmenningar í öðrum leikskólum.
<b>Helstu niðurstöður mats</b> <b>(styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	Lokið var við að gera móttökuáætlun fyrir Rauðhól í vetur. Helstu markmið hennar fela í sér að styðja betur





	<p>við íslenskunám fjöltýngdra barna í skólanum ásamt því að styðja við og mæta þörfum barna og foreldra þeirra sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Vinna með starfsfólki hefur gengið vel og hefur verið lögð áhersla á að nýta aðferðina Gefðu 10 ásamt því að fylla út hæfniramma. Í maí og byrjun júní 2026 fóru deildastjórar á fund með yfirskrift Fjölmennning til framtíðar sem Saga Stephensen stóð fyrir. Fundirnir eru með það að markmiði að fjölmennningarlegt starf í leikskólum verði hluti af öllu starfi sem á sér stað í skólanum og að allt starfsfólk tileinki sér fjölmennningarlega nálgun á sama hátt og gert er með annað starf í skólanum. Það er, að allt starfsfólk verði hluti af fjölmennningarlegu starfi eins og öðru starfi skólans. Fundir með fjölmenningarteymi Rauðhóls hafa verið óreglulegir í vetur og of fáir</p>
--	--

Sérkennsla	
Hvernig fór matið fram?	Samtöl við deildarstjóra og lausnarleitarfundagerðir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildastjórar og sérkennslustjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gekk vel að halda 3-4 lausnarleitarfundi þetta skólaárið. Við náðum að vinna betur úr upplýsingunum og kennarar barnanna náðu að vinna betur að settum markmiðum milli funda. Við náðum að fylgja málunum vel eftir og það var almenn ánægja með fundina og fyrirkomulagið. „Fræðslubankinn“ er enn í mótun og við erum að sanka að okkur fræðsluefni og verkfærum sem hefur nýst okkur vel. Næst langar okkur að fara í meiri vinnu með stuðningsaðilunum





Gróðurhús og ævintýraferðir	
Hvernig fór matið fram?	Samantekt eftir veturninn
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Ingveldur Ævarsdóttir útinámskennari
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Fyrirkomulagið svipað og í fyrra nema ekki allar deildir. Var í ævintýraferðum fast með '21 árganginn (3 deildir). '20 árgangurinn fór lítið í ferðir, það þarf að skoða að það sé farið þó að fastur „útistarfsmaður“ sé ekki skráður á deildina eða breyta fyrirkomulaginu á annan hátt. Leiðinlegt að sumar deildir fara aldrei í ferðir. Spurning hvort við ætlum að hafa þetta fast á námskrá eða ekki. Eins með gróðurhúsið, meira gert ef útistarfsmaður er á deild. Eins gekk betur þar sem annað starfsfólk deildarinnar var áhugasamt. Þurfum að muna að virkja börnin og gera þetta á þeirra forsendum. Láta þau vökva og gera ýmis verk, þau geta gert flest allt með aðstoð og það þarf klárlega að vera einn starfsmaður sem er verkefnastjóri eða heldur utan um þetta. Margir styrkleikar eru við að hafa gróðurhús á lóðinni og við erum að vinna að ótal markmiðum í þessari vinnu</p>





## 2.2 Ytra mat

### Stofnun ársins 2025 – Borg og bær. Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri

	<b>Einkunn Rauðhóls</b>	<b>Meðaltal stofnana</b>
<b>Ímynd stofnunar:</b>	4,79	4,00
<b>Stjórnun:</b>	4,70	4,27
<b>Ánægja og stolt:</b>	4,78	4,30
<b>Jafnrétti:</b>	4,71	4,40
<b>Starfsandi:</b>	4,62	4,32
<b>Sveigjanleiki í vinnu</b>	4,48	4,27

**Tafla 1**

Það er gleðilegt að leikskólinn Rauðhóll heldur öðru sætinu frá því í fyrra í Stofnun ársins og er því áfram í hópi Fyrirmyndarstarfsstaða. Heildareinkunn er 4,440 í Rauðhól en meðaltal heildareinkunnar er 4,090. Svarhlutfall er 60-69%, æskilegt er að fleiri taki þátt. Neðstu þættirnir eru vinnuskilyrði með 3,91 og launakjör með 3,03. Ætlunin er að skoða nánar þá þætti sem falla undir vinnuskilyrði og hvernig má bæta þá, sjá nánar í umbótaáætlun.





### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	1.2 Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða helstu verkefni/verkbætti og skipta á milli stjórnenda
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026 - desember 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Reglulegir fundir
Viðmið um árangur	Verkaskipting stjórnenda er skýr og upplýsingamiðlun góð

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	1.5 Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Endurskoðuð og endurbætt skólanámskrá Rauðhóls tilbúin
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendateymi Rauðhóls vinnur lokavinnuna eftir starfsdaga síðasta árs á reglulegum fundum og í undirbúingstímum
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2026 - nóvember 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundir, viðtöl við börn
Viðmið um árangur	Endurbætt skólanámskrá Rauðhóls er tilbúin og útgefin

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	2.6 Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þáttas.s. alhliða þroska, sjálfstæðis, áhugasviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæðis og sköpunarkrafts, tjáningar og samskipta





<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Vera með markvissari skimun á hreyfiproska barnanna
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Nýta lista frá heilsugæslu til að skima fín-og grófhreyfingar barnanna
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur, sérkennslustjórar og deildastjórar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026-maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Deildastjórafundir, könnun,
<b>Viðmið um árangur</b>	Deildastjórar nota lista frá heilsugæslunni til að meta hreyfiproska barnanna fyrir foreldraviðtöl

<b>Mannauður</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	3.3 Starfsánægja
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Skoða þætti sem varða vinnuskilyrði og að starfsfólki líði vel í vinnunni
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Hafa reglulegt hópefli, jákvæðni fyrirlestur í janúar. Könnun er varðar öryggi, búnað, aðbúnað í rýminu, starfsmannaaðstöðu og hljóðvist
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026-maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Stofnun ársins, starfsánægjukönnun Sameykis
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Starfsfólki líður áfram vel í vinnunni líkt og síðustu ár samkvæmt mælingum í Stofnun ársins. Þátturinn vinnuskilyrði skorar hærra en frá fyrra ári





Fjöiltyngi	
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Vinna að því að gera Málstefnu fyrir Rauðhól. Kynna okkur betur Lanis skimunarlista. Lanis er skimun fyrir tal og málþroska þriggja ára barna sem fylltur er út af foreldrum og kennurum. Búið er að þýða listana á fjölda tungumála og hafa þeir gefist vel til þess að meta málþroska hjá fjöiltyngdum börnum. Gefa barni sem er að læra íslensku tækifæri til þess að vera í minni hópum. Sérstaklega í samverustundum og þegar unnið er að ákveðnum verkefnum. Styðja við íslenskunám fjöiltyngdra barna í gegnum allt starf skólans. Fá fræðslu frá frá Sögu Stephensen og Brúarsmiðjum eftir eftirspurn frá kennurum og foreldrum. Sérkennslustórar og verkefnastjóri fjölmenniingar fara inn á deildafundi með fræðslu til starfsfólks þar sem við á um fjölmenningu og fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Virkja betur fjölmenningsarteymi skólans. Hafa fundi reglulega.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Vinna með starfsmanna hópnum að málstefnu Rauðhóls. Vinna að því að allt starfsfólk verði hluti af fjölmenningslegu starfi skólans. Allir starfsmenn leikskólans eru kennarar barnsins sem er að læra íslensku og hafa þarf í huga að málörvun þarf að vera samofin öllu starfi skólans. Fræðsla til starfsfólks um það, að leikurinn þarf að fá rými, hann er barninu eðlileg námsleið til að læra tungumálið.
<b>Ábyrgð</b>	Verkefnastjóri fjölmenningar. Ingibjörg Jónasdóttir.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haut 2026, lokið vor 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Fundir og rýnihópar ásamt samtali við börn og foreldra þeirra. Deildafundir nýttir til þess að fara yfir stöðuna hjá barni sem er að læra íslensku. Virkja fjölmenningsarteymi Rauðhóls til þess að halda utan um líðan og framfarir barns. Fjölmenningsarteymið fundi reglulega næsta vetur.





<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Móttökuáætlun Rauðhóls er nú aðgengileg fyrir skólann. Vel hefur gengið að styðja við íslenskunám fjöltyngdra barna í gegnum leik. Og er starfsfólk áhugasamt og fróðleiksfúst við að kynnast tungumála og menningarbakgrunn barna sem eru að læra íslensku.
--	--

### Sérkennsla

<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Meiri samvinna milli sérkennslustjóra og stuðningsaðila. Sérkennslustjórar funda með stuðningsaðilum oft og reglulega yfir skólaárið. Mikið álag á þeim og margir með þung verkefni. Komast að því hvernig við getum stutt þau betur, hvort sem það sé í formi funda eða einhvers annars.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Setja niður 3-4 fundi á skólaári með stuðningsaðilunum líkt og við gerum með deildarstjórunum. Ræða við stuðningsaðila og meta hvernig við getum stutt þau sem best.
<b>Ábyrgð</b>	Sérkennslustjórar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – júní 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Samtöl við stuðningsaðila og fundargerðir
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Markmiði verður að hluta náð ef við náum að funda með öllum stuðningsaðilunum 3-4 sinnum yfir skólaárið. En við vonumst líka eftir meiri starfsánægju stuðningsaðila og aukinni samvinnu.





## Gróðurhús og ævintýraferðir

<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	<p><i>Ævintýraferðir:</i></p> <p>Virkja fleiri starfsmenn í að fara í ferðir með börnin. Þó nokkrir sem eru duglegir við að fara út og með litla hópa, taka nesti og vera úti í náttúrunni. Efla áherslu á frjálstan leik barna og að allir starfsmenn geti gert það.</p> <p>Skoða hlutverk kennara í ferðum og galdurinn á bak við staðtengt útinám. Gefa börnunum frjálstan tauminn og leyfa áhuga og forvitni þeirra að ráða för hvert sinn. Muna eftir kostum áhættuleiks og að fara út fyrir þægindahringinn er gott (en samt að passa öryggi).</p> <p><i>Gróðurhús:</i></p> <p>Virkja fleiri starfsmenn. Annað er á góðri leið, erum að rækta fjölbreyttar tegundir. Gengur vel að vökva og virkja foreldra á fb síðu í sumarfríinu, gera aftur eins í sumar. Þurfum að bæta við einhverjum húsgögnum eða hillum, stefnum að því nú í sumar.</p> <p>Virkja öll börnin, þannig að þau hafi eitthvað komið að vinnunni í gróðurhúsinu. Fara út með smærri hópa í verkefni og kveikja þannig áhugann ef hann er ekki þegar til staðar.</p>
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	<p>Hvetja starfsmenn og gróðurhúsateymi, möguleg sýnikennsla á starfsdegi. Ef efla þarf öryggi starfsmanna má vera með kynningar frá fagaðila, skyndihjálparnámskeið, fræðslu um viðeigandi klæðnað í ferðum og fl. Tálgunar-námskeið hjá Björk (tók við af Óla í skógi), námskeið í að poppa og fleira sem nýtist starfsfólki í Björnslundi</p>
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur og mögulega verkefnastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Sumar 26 – Vor 27
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Rýnifundur. Meta að vori hvernig hafi gengið. Gera plan að hausti um t.d. hvernig við ætlum að láta ævintýraferðir ganga. Hafa fólki dreift á deildir sem er áhugasamt um





<b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	útinám eða hafa verkefnastjóra útináms sem aðstoðar og er til staðar. Þá er hægt að endurmeta hvað gekk vel og hvað gekk illa
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Farið er í reglulegar ævintýraferðir á öllum deildum á ævintýrum. Farið er út af skólalóð á Litum í ferðir. Markviss vinna er unnin í gróðurhúsi af fleiri starfsmönnum en hefur verið





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Samtölin fóru fram á vorönn 2026 á skrifstofum Lita og Ævintýra og gengu vel. Kallað er eftir að við setjum niður skipulag í frágangi og umgengni til að allir taki þátt í að halda umhverfi skólans fallegu. Starfsmannahópurinn er á einu máli með það að vilja forðast allt neikvætt umtal og að við berum ábyrgð á eigin framkomu. Við höldum uppi góðum og uppbyggjandi samskiptum og vinnum sem ein heild. Starfsfólk segir veturinn hafa verið heilt yfir mjög góðan og streita fari minnkandi. Margir líta á að koma í vinnuna sem upplýftingu og finni fyrir hæglætis áherslum.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Dagsetning	Efni	Ábyrgð
30.09'26	Menntakvika Skapandi starf	Stjórnendur og starfsfólk Jónína Guðrún Reynisdóttir
27.11'26	Vinnustofa um útinám Skyndihjálp	Stjórnendur
11.01'27	Starfsmannafundur Jákvæðni fyrirlestur	Leikskólastjóri
05.02'27	Dagur leikskólans Fyrirlestur frá brúarsmiðum SFS og/eða um málstefnu leikskóla	Stjórnendur Verkefnastjóri fjölmenningar
27.04'27	Menntastefnumót Tákn með tali námskeið	Stjórnendur Sérkennslustjórar
07.05 og 10.05'27	Námsferð erlendis, útinám, hæglæti, hreyfiþroski og sagnalist(storytelling)	Stjórnendur





## 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
<b>Apríl-maí '27</b>	Smiðjur elstu barna Rauðhóls og 1.bekkjar Norðlingaskóla. Fjögur skipti einu sinni í viku. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla ásamt gróðurhúsi Rauðhóls.	Rauðhóll, Norðlingaskóli og Klapparholt frístund	Deildarstjórar elstu barna, umsjónakennarar 1.bekkjar, forstöðumaður Klapparholts
<b>Maí '27</b>	Skilafundur með umsjónarkennurum 1.bekkjar Norðlingaskóla og frístund	Norðlingaskóli	Deildarstjórar elstu barna, umsjónakennarar 1.bekkjar, forstöðumaður Klapparholts
<b>Dymbilvika og jólafrí Norðlingaskóla '27</b>	Nýting á íþróttasal Norðlingaskóla	Íþróttasalur Norðlingaskóla	Starfsfólk Rauðhóls í samvinnu við Klapparholt





## 7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

*Er starfandi foreldraráð, hvenær var það kosið? Ekki var kosið í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins þann 17.11'25. Það eru tveir foreldrar frá fyrra ári sem halda áfram en eitt foreldri sagði sig úr ráðinu.*

*Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag). Í ágúst er foreldrafundur fyrir foreldra barna sem eru að flytja frá Litum yfir á Ævintýri eftir sumarfrí. Á fundinum er sagt frá húsnæðinu ásamt áherslum í starfi. Á haustin eru nokkrir foreldrafundir haldnir á Litum á aðlögunartíma barnanna þar sem spjallað er um starfið í litlum hópum með stjórnendum á kaffistofu. Á Ævintýrum eru haldnir tveir fundir í október eftir árgöngum þar sem farið er yfir faglegt starf vetrarins. Á Litum eru einnig kynningarfundir á faglegu starfi í október.*

*Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil). Í október-nóvember er foreldrum á öllum deildum boðið í óformlegt spjall um líðan og almennan þroska barnsins. Á vorönn eru ítarlegri viðtöl þar sem farið er yfir niðurstöður skimana sem gerðar hafa verið og almennan þroska barnsins.*

*Foreldrafélag Rauðhóls er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna á leikskólanum Rauðhól. Aðalfundur félagsins var haldinn á haustönn og þar var kosin stjórn fyrir skólaárið 2025–2026. Viðburðir á vegum foreldrafélagsins þetta skólaárið voru fjölbreyttir: íþróttafjör í fimleikasal Fylkis, jólaskemmtun í Björnslundi með jólasveinum, íþróttahátíð með Íþróttarálfnum og Sollu Stirðu og sumarhátíð á leikskólanum með sýningu frá Lalla Töframanni. Auk viðburðanna sá foreldrafélagið um jólagjafir fyrir öll leikskólabörnin og að þessu sinni voru það bækur. Félagið gaf einnig útskriftargjafir til elsta árgangs leikskólans sem voru merktir sundpokar og sápukúlur. Foreldrafélagið hefur eflst mikið á síðustu misserum og hefur náð að auglýsa viðburði sína með góðum árangri í gegnum Völu, útprentaðar auglýsingar í leikskólanum og á samfélagsmiðlum. Viðburðir á vegum félagsins hafa verið vel sóttir og skapað skemmtilegar samverustundir sem börn og fullorðnir hafa notið saman.*

## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

**Þeir skipulagsdagar sem eru sameiginlegir með Norðlingaskóla eru 30.sept., 5.feb. og 27.apríl.**

### Haustönn

30. september miðvikudagur – Menntakvika HÍ

27. nóvember föstudagur

### Vorönn

5. febrúar föstudagur - Dagur leikskólans

27. apríl þriðjudagur - Menntastefnumót

7.mái föstudagur – Námsferð erlendis

10. maí mánudagur – Námsferð erlendis






## Starfsmannafundir

26. ágúst miðvikudagur  
29. október fimmtudagur  
11. janúar mánudagur  
3. júní fimmtudagur

Sumarlokun 2027 verður 13. júlí – 10. ágúst, báðir dagar meðtaldir.

## 9. Þróunarverkefni

Heiti: Skógarhópurinn	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
<p><b>Helstu áherslur tengjast námssviði leikskólans ásamt heilbrigði og vellíðan</b></p> <p>Í þróunarverkefninu verður gerð athugun á því hvernig útivera í náttúrulegu umhverfi hefur áhrif á heilsu, vellíðan og virkni leikskólabarna. Við viljum rannsaka hvort aukin útivera barna hafi áhrif á líkamlega heilsu, andlega líðan, seiglu og samskipti barna. Ávinningur verkefnisins verður heilsuefling barna í þágu lýðheilsu ásamt því að þróa útinám á leikskólastigi. Einnig að kennarar sjái og finni fyrir þeim tækifærum sem útinám getur gefið þeim persónulega og í starfi.</p> 	<p>Dr. Jakob Fríman Þorsteinsson og mögulega meistaranemi frá Háskóla Íslands</p>	<p>Sprotasjóður Rannís</p>



## 10. Fylgiskjöl:

### 10.1 Innra mat Lita 2025-2026

#### Bláa og gula deild - Styrkleikar og tækifæri

##### 2. Uppeldis- og menntastarf

##### 2.4 Námsvið leikskólans

Í hvaða mynd birtist hæglæti á deildum, ákveðnar aðstæður eða rými?

Í vetur birtist hæglætið í matar- og hvíldartíma. Það er eitthvað sem aldrei hefur gerst áður. Þau fá sinn tíma við hádegismatinn (flæðandi matartími) og fara sjálf inn í hvíldina þegar þau eru tilbúin. Þar leggjast þau á koddann sinn og sofna flest sjálf. Þetta hefur komið í staðinn fyrir streitumikinn matartíma þar sem allir eru á sama tíma að borða og allir á sama tíma inn í hvíld og ná ró. Þau fá líka góðan og rólegan tíma á meðan á matartíma stendur því alltaf fækkar í hópnum inn á deild þar sem þau eru annað hvort að borða eða farin í hvíld. Við erum að æfa okkur vel í hæglæti í fataklefanum og taka ekki of mörg börn í einu að klæða sig. Einnig hvetjum við þau til sjálfshjálpar sem hæfir þeirra aldri.



##### 3. Mannauður

##### 3.1 Hlutverk leikskólakennara

Hefur verið einhver samvinna milli deilda í vetur (börn á sama aldri)?

Góð samvinna hefur verið milli Bláu deildar og Gulu deildar í vetur. Oft er opið milli deilda sem hefur stuðlað að góðum tengslum bæði hjá kennurum og börnum. Eftir hvíldina sameinumst börn og starfsfólk í sameiginlega rýminu okkar, þar styrkjum við bæði samstarf kennara og barna. Einnig er samstarf í útiveru.

## Græna og rauða deild- Styrkleikar og tækifæri

### 2. Uppeldis- og menntastarf

### 2.4 Námsvið leikskólans

Í hvaða mynd birtist hæglæti á deildum, ákveðnar aðstæður eða rými?

Veturinn hefur einkennst af hæglæti heilt yfir. Barnahópurinn er vel samrýmdur og mikil leikgleði hjá börnunum. Barnahópnum er skipt upp, það fara ekki öll börnin út á sama tíma, einnig fá börn að leika inni í rólegheitum til að dýpka og þróa leikinn. Hádegisverðurinn hefur verið einstaklega hæglátur eftir að við breyttum yfir í matstofu hjá Rauðu og Grænu, mikil ró hefur verið, börnin hafa fengið sinn tíma til að borða og njóta sín vel í matsalnum. Tími hefur gefist í að æfa sjálfshjálp og börnin orðin svo sjálförugg í matartímum. Við höfum átt góðar og hæglátar stundir í fataherberginu og þar hefur einnig gefist tími og rými fyrir börnin að æfa sjálfshjálpinu. Hæglætið heilt yfir hefur skilað sér í svo mörgu og góðu fyrir börnin, kennara og starfið á deildinni. Við sjáum hvernig hæglætið hefur skapað gott rými og notalegar stundir fyrir börnin til að blómstra og njóta sín í leikskólastarfinu. Það er mikilvægt að það séu hvorki of margir kennarar í fataherberginu né börn svo það myndist ekki of mikill asi.



### 3. Mannauður

### 3.1 Hlutverk leikskólakennara

Hefur verið einhver samvinna milli deilda í vetur(börn á sama aldri)?

Rauða og Græna deildin hafa átt í góðu samstarfi. Matstofan hefur hjálpað börnunum við að kynna á milli deilda og má sjá það skila sér í leik barnanna í útiveru. Vinasambönd hafa myndast þvert á deildir sem gaman er að fylgjast með. Við höfum farið saman í vettvangsferðir t.d á bókasafnið í Árbæ og Árbæjarsafn. Eins hefur verið opið á milli deilda og deildirnar hafa blandast í leik í miðrýminu. Seinnipartinn í lok dags sameinast deildir stundum í matsalnum ef skilað er inni. Deildirnar hafa líka hjálpast vel að ef það vantar starfsfólk til að sinna börnunum.

## 10.2 Innra mat Ævintýra

### Meistarahópur(2020 árgangur)- styrkleikar og tækifæri

#### 2. Uppeldis- og menntastarf

#### 2.4 Námsvið leikskólans

Í hvaða mynd birtist hæglæti á deildum, ákveðnar aðstæður eða rými?

Á annarri deildinni var ákveðið að taka morgnana í hæglætið, þ.e. draga úr hávaða og áreiti fyrst á morgnana. Dempa ljós, spila rólega tónlist, en þó einungis þegar það eru mætt fá börn, um leið og börnin verða fleiri þá verður tónlistin bara ein af áreitunum og því slökkvum við á henni þegar fer að fjölga í barnahópnum, svo höfum við yfirleitt eitthvað rólegt við stóra borðið, eins og plúskubba, spil, púsl eða liti. Þá höfum við einnig verið enn duglegri að skipta þeim upp, reynum sjaldnast að hafa allan hópinn inni á deild í einu nema í hvíld og samveru. Á hinn deildinni þar sem rýmið er lítið krefjast aðstæður þess að við þurfum að vera í sífellu að skipta barnahópnum upp og dreyfa þeim á mismunandi rými leikskólans. Höfum þurft að nýta öll rými sem við getum. Við erum einnig dugleg að láta börnin flæða inn úr útiveru þegar kaffitíminn er svo að við endum ekki með of mörg börn inni á deild að bíða eftir að komast í kaffi og við sjáum að þessi tími hefur verið álagstími hjá okkur. Við nýtum þá hurðina út í garð hjá okkur að kalla á þau inn tvö í einu þegar það losnar pláss að borða. Stundum hefur hæglætið verið lítið vegna krefjandi aðstæðna en starfsfólk er meðvitað um stöðuna.



#### 3. Mannauður

#### 3.1 Hlutverk leikskólakennara

Hefur verið einhver samvinna milli deilda í vetur(börn á sama aldri)?

Það hefur verið mjög mikil samvinna á milli deilda. Við höfum farið í margar ferðir saman og þá höfum við farið í eina viku í Björnslund saman. Við höfum einnig reynt að vera dugleg að opna á milli deilda sem hefur gengið vel. Vorum með einn skipulagðan dag í viku sem við höfðum opið á milli og þá nýttum við okkur líka að hafa opið á milli þegar það vantaði starfsfólk. Einnig höfum verið verið dugleg að gera svipuð þema verkefni með þeim.

## Eyja, Land og Dalur(2021 árgangur) Styrkleikar og tækifæri

### 2. Uppeldis- og menntastarf

#### 2.4 Námsvið leikskólans



Í hvaða mynd birtist hæglæti á deildinni, ákveðnar aðstæður eða rými?

Reynum að mæta börnunum þar sem þau eru stödd hverju sinni. Dreifum fjöldanum - skiptum þeim í rýmin - sumir úti, eða í vettvangsferðum, sumir inni. Þössum að ná rólegri stund í hádeginu (hvíld). Reynum að senda ekki alla fram í fataherbergi til að ná hæglæti þar – getum bætt okkur enn frekar í því. Við nýtum öll rými til að ýta undir hæglæti í húsinu. Inni á deild erum við iðin við að breyta, færa til og bæta starfið bæði með því að færa til húsgögn og leikefni. Allt með það að markmiði að gera allt þægilegra fyrir börnin, stundum til að skapa meira rými fyrir efniviðinn og stundum til að stúka af efnivið. Starfsfólk er meðvitað um að efla hæglætið í húsinu og á deildinni með því að fara í augnhæð barnanna, gefa þeim skýr fyrirmæli og bein til að minnka hávaða. Einnig erum við dugleg að nýta matsalinn eða Ævintýranótt og setjast við spil eða lestur.

### 3. Mannauður

#### 3.1 Hlutverk leikskólakennara

Hefur verið einhver samvinna milli deilda í vetur (börn á sama aldri)?

Það hefur verið mikil samvinna á milli Eyju-Lands-Dals í vetur. Við höfum farið í allar ferðir saman. Þá höfum við sent um fimm börn og einn starfsmann af hverri deild og eru börnin því aldrei fleiri en 15 sem er þægileg stærð af hópi til að ferðast með. Við höfum farið í Ársafn, Perluna, Árbæjarsafn og Þjóðminjasafnið og stefnum á fleiri ferðir. Deildarstjórar hafa raðað börnunum í hópa og gætt þess að leyfa vinum sem eru ekki saman á deild að vera saman, þau hafa virkilega notið þess. Einnig hafa deildarstjórar passað vel að blanda saman reyndu og óreyndu fólki þannig að ferðirnar gangi betur. Á fimmtudögum er nokkuð stór hluti af árganginum á fótboltaæfingum sem hefur ýtt enn meira undir samvinnu milli deilda. Við höfum yfirleitt haft þá óskráðu reglu að ef einhver af deildunum er í Björnslundi fer sú deild á fótboltaæfingu í fyrri tímanum. Deildirnar sem eru á Ævintýrum vinna þá saman og fylla upp í fyrri tímann og eiga saman allan seinni tímann. Samvinnan hefur verið mjög góð þessa daga og allir boðnir og búnir að láta allt ganga vel og verið sveigjanlegir eftir því hvernig deildirnar eru mannaðar þann daginn. Í haust vorum við alltaf með opið á milli deilda á föstudögum eftir hvíld. Það gekk frábærlega vel og mikil ánægja með það fyrirkomulag. Í desember hættum við vegna álags við jólagjafagerð og fleira slíkt. Því miður höfum við ekki náð sama takti en stefnum á að ná þessu upp aftur. Við finnum að aukið samstarf milli deilda gerir það að verkum að allir eiga mun auðveldara með að biðja um aðstoð þegar á þarf að halda. Einnig höfum við verið að vinna með sama þema, eins og haust og tilfinningar.

## Björnslundur

### 2. Uppeldis- og menntastarf

#### 2.4 Námsvið leikskólans

Í hvaða mynd birtist hæglæti á deildinni, ákveðnar aðstæður eða rými?

Í Björnslundu birtist hæglæti oft í útiveru í skóginum. Börnin flæða um skóginn í leik og starfi, þau gleyma stað og stund, þau fá ótakmarkaðan tíma í leikinn og kennarar eru meðvitaðir um að leyfa þeim sjálfum að skoða og kanna. Kennarar eru til staðar til að grípa og fylgja áhuga barnanna og vinna áfram með þeim þær hugmyndir sem upp koma í ferlinu.

Í tálgun með elstu börnunum birtist hæglæti. Við byrjum á því að fara út í skóg í litlum hópum, finnum hentuga grein til að tálga, við finnum góðan stað til að setjast niður. Börnin fá beittann hníf í hönd og læra ákveðna tálgunaraðferð, mikil einbeiting og ró fylgir tálguninni. Kennarar finna hvernig börnin slaka á, þau sökkva sér niður í verkefnið og háttalag þeirra og tal verður hægara, þau verða meðvitaðari um umhverfið og nefna oft að þau heyri í fuglum, vindi eða umferð. Að auki finnum við að ímyndunarafli þeirra virkjast, prikið sem þau tálga breytist t.d. í mismunandi furðuverur.



### 3. Mannauður

#### 3.1 Hlutverk leikskólakennara

Hefur verið einhver samvinna milli deilda í vetur (börn á sama aldri)?

Skipulagðar voru tvær vikur í vetur fyrir elstu börnin að koma í Björnslundu. Þá kom hópur frá hvorri deild og fékk hver hópur 2 daga (einn dagur var frídagur). Gott og nauðsynlegt er að blanda þeim og gefa þeim þannig tækifæri til að kynnast nýjum vinum. Einnig var skipulögð vika fyrir næstelsta hópinn á vordögum. Þessar vikur gengu vel og börnin nutu sín saman. Hins vegar þarf að skoða vinnuskipulag starfsfólks betur fyrir næstu dvöl með þessum hætti. Einnig hafði veður áhrif einhverja daga þar sem veðurviðvaranir voru ráðandi þennan tíma.

## 10.3 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Deildir	
<b>2. Uppeldis-og menntastarf</b>	<b>2.4 Námssvið leikskólans</b>
 <b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Efla skapandi starf á deildum. Þessi umbótaþáttur tengist einnig menntastefnu Reykjavíkurborgar, sköpun.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Fara yfir skapandi efnivið á deildum og bæta við eftir þörfum, samræma á milli deilda og aldurs. Hafa fræðslu um skapandi starf fyrir starfsfólk.
<b>Ábyrgð</b>	Deildastjórar og starfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst '26 – maí '27
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Fundir, könnun, viðtöl við börn
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Unnið er markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Opinn skapandi efniviður er til staðar á öllum deildum og aðgengilegur fyrir börnin



F. h. leikskólans Rauðhóls

Dagbjört Svava Jónsdóttir 2.júlí 2026  
Leikskólastjóri

Dagsetning





## 10.4 Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Rauðhóll

### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Alex K. Ívarsson  
Bergþóra Gná Hannesdóttir





## Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já, lýsir vel starfinu sem fór fram og áherslum í því

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Já hún er það

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já hún er það

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei**

**Fulltrúar í foreldraráði:**

**Alex K Ívarsson**

**Bergþóra Gná Hannesdóttir**

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



